

Rannsóknarráðstefna Vegagerðarinnar

ALGILD HÖNNUN

Norrænar hönnunarreglur um algilda hönnun

Áslaug Katrín Aðalsteinsdóttir
Berglind Hallgrímsdóttir
28.október 2016



Á Íslandi hefur vantað samræmdar merkingar, tákni og hönnunarlausnir í útiumhverfi

Til að tryggja gæði útiumhverfis þarf að skoða þætti tengda hönnun og framkvæmd og semja, samræma og yfirfara leiðbeiningar og reglur um hönnun utandyra á Íslandi

Það er líkt og að hér sé notað tungumál sem aðeins hluti þjóðarinnar getur notað eða skilur

Ólíkar leiðir eru farnar við hönnun og byggingu og skilaboðum komið til leiðar með ólíkum hætti, merkingum og táknum

Allir gera sitt besta en það sem hentar einum hópi vel getur verið slæmt fyrir annan




Árið 2006 – Sáttmáli Sameinuðu þjóðanna sem felur í sér áskorun til aðildarríkja um að tryggja réttindi fatlaðs fólks til þátttöku í samfélaginu til jafns við aðra settur fram


Samþykkt Íslendinga á sáttmálanum ætti að fela í sér að hér á landi verði algild hönnun höfð til hliðsjónar m.a. við hönnun og lausnir viðkomandi samgöngumannvirkjum og umferðarumhverfi



Lausnir viðvíkjandi aðgengi um ytra umhverfi meðal annars að, frá, og um samgöngumannvirki og ferðir milli staða eru stór þáttur verkefnisins

- Daglega lífið og tilheyrandi ferðir
- Sjálfstæði, vera óháð
- Ferðir allt árið
- Allan sólarhringinn
- Viðhald svæða





Áhersla verkefnisins er á algilda hönnun tengda samgöngum og umferðarumhverfi


Bera saman norskar, danskar og sænskar hönnunarreglur og staðla um algilda hönnun

- Hvað er líkt
- Hvað er ólíkt
- Hvernig má nýta niðurstöður úttektarinnar fyrir íslenskar aðstæður



Hamlandi atriði eru margvísleg og mikilvægt að hafa alla hópa í huga

- Skert hreyfigeta
- Sjónskerðing
- Heyrnarskerðing
- Takmörkuð geta til að skilja, rata, muna
- Ofnæmi
- Fælni





Fyrr eða síðar á lífsleiðinni verða einhverjar hindranir á vegi okkar flestra þannig að það sem áður var auðvelt getur skyndilega orðið erfitt að yfirstíga

Tröppur sem voru auðfarnar áður geta orðið að farartálma þegar barnavagn, göngugrind eða hækjur eru orðin hluti af daglegu lífi okkar



Þegar við mætum óvæntum tálum er indælt að einhver hafi hugað að aðgengi fyrir okkur með vandaðri hönnun sem tekur mið af því að íbúar landsins og gestir eru fjölbreyttur hópur með mismunandi þarfir, getu og áhugasvið.

Reddingar eins og þessi mynd sýnir nýtist aðeins fólki með fulla hreyfigetu og sjón.



- Kantar og leiðarlínur
- Lengdar- og þverhalli
- Yfirborð, efnisval og áferð
- Upplýsingar, merkingar, litaskil
- Bílastæði
- Lýsing
- Gróðurval
- Viðhald



Algild hönnun – universell utforming – universal design felur í sér hlutlæga og huglæga nálgun

- leggur áherslu á upplifun notenda
- tekur mið af ólíkum einstaklingum og mismunandi getu þeirra og þörfum
- miðar að því að fækka hindrunum sem verða á veginum og auka öryggi
- felur í sér notkun á lausnum sem nýtast sem flestum óháð færni
- eykur líkur á að hver einstaklingur mæti aðstæðum sem hann ræður við hjálparlaust



Algild hönnun sem grunnhugsun í hönnunarferli snýst um að hönnun og lausnir séu svo notendavænar að lítil sem engin þörf sé fyrir sérlausnir. Algild hönnun er því

- Hagkvæm
- Miðar að notkun á lausnum sem nýtast sem flestum óháð færni
- Eykur líkur á að hver einstaklingur mæti aðstæðum sem hann ræður við



Algild hönnun og lausnir þurfa meðal annars að fela í sér

- sveigjanleika svo hægt sé að sníða lausnir að ólíkum aðstæðum
- auðskiljanlegar upplýsingar, minnka líkur á misskilningi
- kröfur um vandað efnisval og byggingu



Algild hönnun og lausnir þurfa einnig að fela í sér

- möguleika á að nýtast breiðum hópi notenda
- öryggi – koma í veg fyrir árekstra
- kröfur um auðvelt viðhald og viðgerðir og öruggar leiðir meðan á þeim stendur
- samhengi milli svæða utandyra en einnig tengingu milli úti og innisvæða



vegur – hjólastígur – kantur niðurtekinn – varúðarflötur – götugögn - gangstétt



Niðurstöður úr þessu verkefni verða birtar í febrúar en mikilvægt er að undirstrika að algild hönnun er lifandi ferli sem þarf stöðugt að þróa og endurbæta og það eru notendur sem vita helst hvaða lausnir virka

ALGILD HÖNNUN er nauðsynleg fyrir suma
& gagnleg fyrir alla



Endurskoðuð
draga úr
auka

VIÐHORF & HUGTÖK
FLOKKUN & EINANGRUN
JAFNRÉTTI & SANNGIRNI

Við erum allskonar manneskjur
Við búum við allskonar aðstæður
Við höfum öll okkar sérkenni
Við getum meira í sameiningu



Það gengur allt mun betur þegar við hjálpumst að

Takk fyrir